Umhverfis- og skipulagsráð 11. nóvember 2026

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar um hönnun og frágang hjólastíga í Reykjavík

1. Hvaða hönnunarviðmið gilda umstaðsetningu ljósastaura, umferðarmerkja og annars búnaðar við göngu- og hjólastíga og hvernig er tryggt að þeim sé fylgt?
2. Hvernig er gæðaeftirliti háttað við hönnun og framkvæmdir og hver ber ábyrgð á lokaúttekt áður en stígar eru teknir í notkun?
3. Er til staðar verklag til að skrá og lagfæra hindranir og hönnunargalla sem koma í ljós eftir að stígar hafaverið teknir í notkun?
4. Er haft samráð við hjólasamfélaginu við hönnun hjólastíga?
5. Er frágangur hjólastígs við Heklureit endanlegur og í samræmi við gildandi hönnunarviðmið?

Greinargerð:
Reglulega birtast ábendingar og ljósmyndir af nýjum eða endurbættum göngu- og hjólastígum í Reykjavík þar sem ljósastaurar, umferðarmerki eða annar fastur búnaður virðist standa í hjólaleiðum eða þrengja að þeim og skerðir öryggi. Slíkar hindranir geta skapað slysahættu, sérstaklega þegar hjólandi vegfarendur þurfa að víkja skyndilega frá eðlilegri akstursleið. Þetta á ekki síst við í myrkri, hálku eða þegar margir nýta stíginn samtímis.

Reykjavíkurborg hefur áundanförnum árum lagt verulega áherslu á uppbyggingu hjólainnviða og mikilvægt er að sú uppbygging skili öruggum, aðgengilegum og vel hönnuðum leiðum fyrir alla notendur. Frágangur sem virðist ekki taka nægilegt mið af þörfum hjólreiðafólksgetur dregið úr öryggi, notagildi og trausti á innviðunum. Markmiðfyrirspurnarinnar er að fá skýra mynd af hönnunarviðmiðum, ábyrgð og gæðaeftirliti við framkvæmdir, auk þess að tryggja að mögulegar öryggishættur séu metnar og lagfærðar án óþarfa tafa. Mikilvægt er að reynsla og þekking þeirra sem nota hjólastígana daglega nýtist við hönnun þeirra og úrbætur.

Reykjavík



Reykjavík